

Reykjavík, 30. janúar 2013

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis

Alþingi við Austurvöll

Varðar: Frv. um brt. á lögum um verðbréfavíðskipti (504. mál)

Vísað er til máls nr. 504, frumvarps til laga um breytingu á lögum um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 (lýsingar, hæfir fjárfestar, undanþágur frá gerð lýsinga, meðferð innherjaupplýsinga).

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) eru almennt fylgjandi efni frumvarpsins enda er því ætlað að draga úr íþyngjandi kröfum til útgefanda hlutafjár, sérstaklega minni útgefenda.

SFF vilja koma á framfæri tveimur ábendingum. Annars vegar er orðalag í niðurlagi **a-liðar 3. gr.** of afgerandi að mati samtakanna þar sem talað er um að „að fjárfestavernd sé tryggð“. Verðbréfavíðskipti eru þess eðlis að aldrei verður hægt að veita fullkomna tryggingu í þeim efnum. SFF leggja til að í stað framangreinds niðurlags komi: „að stuðlað sé að aukinni fjárfestavernd“.

Hins vegar vekja SFF athygli á ákvæði **9. gr.** frumvarpsins sem skyldar fjármálafyrirtæki til að afhenda útgefendum skrá um hæfa fjárfesta. SFF eru meðvituð um að ákvæðið er í samræmi við tilskipun ESB. Með ákvæðinu eru fjármálafyrirtæki skylduð til að afhenda öðrum aðilum upplýsingar sem telja verður að séu trúnaðarupplýsingar um víðskipti einstakra aðila. Að mati SFF orkar það tvímælis. Þá kann að vera að afhending þessara upplýsinga rekist á sjónarmið um persónuvernd.

Virðingarfyllst,



Yngvi Örn Kristinsson SFF

